



## Námsbrautin *Líf mitt með öðrum* – þróunarverkefni hjá Fjölmennt 2015

Námsbrautin *Líf mitt með öðrum* hjá Fjölmennt er tveggja anna þróunarverkefni sem hófst vorið 2015 og lauk í desember sama ár. Verkefnið var styrkt af Fræðslusjóði atvinnulífsins. Námsbrautin var þróuð fyrir fyrir fólk á einhverfurófi sem þarf mikinn stuðning í daglegu lífi. Að verkefninu komu fimm kennarar Fjölmenntar, Guðrún Erla Þorvarðardóttir, Helle Kristensen, Hrefna S. Sigurnýasdóttir og Áslaug Rut Kristinsdóttir sem tók við af Kristínu Eyjólfsdóttur sem kenndi fyrri önnina. Lovísa Halla Karlsdóttir félagsliði aðstoðaði við kennsluna. Jarprúður Þórhallsdóttir einhverfuráðgjafi veitti faglega leiðsögn og kom einnig að kennslunni.

### Tilurð verkefnisins – hvers vegna svona námsbraut?

Einhverft fólk með miklar þarfir fyrir aðstoð við daglegt líf hefur oft litla möguleika til þátttöku í samfélaginu og festist oft í einhæfri rútinu og lifir því oft lífinu eftir forskrift frá öðrum. Ekki síst er það vegna viðkvæms taugakerfis sem hefur ekki þá innbyggðu síu og aðlögunarhæfni sem flestir hafa til að verja sig og vinna úr áreitum í umhverfi. Þess vegna er óvissa, eða allt sem gerist óvænt, þeim afar erfitt. Einhverft fólk eins og allir aðrir hefur þörf fyrir tilbreytingu – að upplifa og takast á við ný verkefni. Til þess að gera þeim mögulegt að vera raunverulegir þátttakendur í eigin lífi og úti í samfélaginu þarf að finna leiðir fyrir þau til að geta valið og tjáð vilja sinn. Einnig þarf að undirbúa allt sem til stendur eins nákvæmlega og mögulegt er og fækka þannig óvissuþáttum. Vegna þeirrar stöðu sem einhverft fólk býr við og hér hefur verið lýst var ákveðið að gefa einstaklingum úr þeirra hópi kost á þátttöku í þessu þróunarverkefni.

### Hugmyndafræðilegur bakgrunnur

Við vinnslu verkefnisins var horft til þeirra viðmiða sem Fjölmennt hefur sett fyrir starfsemi sína. Þessi viðmið byggja meðal annars á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem var undirritaður af Íslands hálfu árið 2007 (Sameinuðu þjóðirnar, 2007) og fullgiltur árið 2016, markmiðsgrein laga um málefni fatlaðs fólks (Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með áorðnum breytingum) og öðrum





Íslenskum lögum og alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland á aðild að og snúa að menntun og/eða mannréttindum fatlaðs fólks. Það sjónarhorn á fötlun sem birtist í lögum um málefni fatlaðs fólks og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur verið nefnt Norræna tengslalíkanið (Tössebro, 2004). Í því er litið til þess að fötlun er ekki eitthvað sem fólk ber með sér heldur verður hún til í samspili fólks með skerðingar við umhverfi sitt sem oft felur í sér margvíslegar hindranir. Hversu mikil fötlun er eða hvort hún er til staðar getur farið eftir ytri aðstæðum hverju sinni, hún er því aðstæðubundin og fer ekki síður eftir samfélagsgerðinni en því sem liggur hjá manneskjunni sjálfri (Tössebro, 2004). Með þetta að leiðarljósi var allt kapp lagt á að umhverfi, viðmót og allar aðstæður væru þannig úr garði gerðar að þátttakendur gætu notið sín sem allra best. Ekki síst fólst það í góðum skilningi á aðstæðum þeirra, upplifun og líðan, virðingu fyrir persónuleika hvers og eins og góðu og skýru fyrirkomulagi. Skipulögð vinnubrögð og hugmyndafræði TEACCH (TEACCH, e.d.) nýttist afar vel við þróun kennsluleiða og uppsetningu kennslurýmis og kemur afar vel til móts við þarfir einhvers fólks ekki síst vegna óvenjulegrar skynjunar þeirra og skynúrvinnslu (Jarþrúður Þórhallsdóttir, 2013)

## Markmið

Meginmarkmiðið með námsbrautinni var að stuðla að auknum lífsgæðum einhvers fólks sem þarf mikinn stuðning. Aðaláherslan var á valdeffingu og þátttöku á jafningjagrunni – að þróa leiðir til virkrar þátttöku í eigin lífi og með öðrum. Helstu undirmarkmið voru:

- ° Að auka möguleika á að tjá eigin vilja – æfa færni í að velja á milli verkefna eða hvað maður vill gera.
- ° Að læra að segja frá sjálfum sér og því sem maður hefur gert og upplifað – að segja sínar sögur.
- ° Að fá æfingu í að taka virkan þátt í samveru í hópi á jafningjagrunnvelli. Að vera öruggur og eiga ánægjulega samveru með öðrum.
- ° Að fræðast um hvernig skynjun og skynúrvinnsla virkar oft á annan hátt hjá einhverfu fólki en öðrum og áhrif þess á líðan. Auka þannig skilning á sjálfum sér og öðrum.
- ° Að stuðla að yfirfærslu námsins á daglega lífið heima og í vinnunni.





## Undirbúningur

Mikil áhersla var lögð á undirbúning námsbrautarinnar en sem fyrr greinir er góður undirbúningur og skipulag grundvallaratriði hjá einhverfu fólki. Við val á þátttakendum var haft í huga að þeir hefðu litla möguleika á þátttöku í samfélaginu, ættu erfitt með að tjá vilja sinn í mæltu máli og þyrftu mikinn stuðning í daglegu lífi. Ákveðið var að þátttakendur yrðu fjórir og að þeir ættu ekki heima á sama stað. Var það hugsað til að ná til fleiri þjónustuaðila.

Mikil áhersla var á að kynnst þátttakendum áður en námið hófst – fá upplýsingar um óskir þeirra, þarfir og áhugamál. Leitað var til þeirra sem þekkja þá best og haldnir fundir með tengli og forstöðumanni í þjónustu hvers um sig. Auk þess var farið á vinnustaði þátttakenda sem voru reyndar bara tveir þar sem þrír vinna á sama stað. Einnig voru haldnir þrír fundir með aðstandendum. Loks voru undirbúningsfundir haldnir með hverjum þátttakanda fyrir sig og aðstoðarmanni hans. Myndræn upplýsingasaga var útbúin og send heim til hvers þátttakanda fyrir fundinn. Einnig var útbúin nákvæm dagskrá sem farið var eftir á fundinum og þátttakendur strikuðu yfir þegar hverjum lið lauk. Á fundinum var farið yfir fyrirkomulag námsins og hver kennari sagði frá sinni námsgrein. Þátttakendur kunnu vel að meta þessa fundi og greinilegt var að góður undirbúningur og nákvæmt skipulag hentaði þeim afar vel.

Lögð var áhersla á að hver þátttakandi hefði með sér aðstoðarmann í kennslustundir. Lagt var upp með að aðstoðarmaðurinn væri túlkur og virkur í að aðstoða inni í kennslustund eftir því sem hver þyrfti og vildi. Einnig var mikil áhersla á að öll samskipti og samtöl væru á forsendum þátttakenda og þeir virkir í samtalinu. Leitast var við að fá staðfestingu þátttakanda á því sem aðstoðarmaður sagði um hann eða fyrir hann. Með því að aðstoðarmenn væru með í kennslustundum kom einnig möguleiki á yfirfærslu í daglega lífið. Mjög gott samstarf tókst við heimavettvang og vinnustaði sem er afar mikilvægt til að markmið námsins skili sér. Boðið var upp á fræðslu hjá einhverfuráðgjafa Fjölmenntar fyrir starfsfólk þjónustukjarnanna þar sem þátttakendur búa og einnig starfsfólk vinnustaða. Haldin var tveggja tíma fræðsla í lögbergi fyrir starfsmannahópinn þar og þangað mættu einnig nokkrir starfsmenn frá þjónustukjörnum þátttakenda.





## Uppbygging náms og fyrirkomulag

Á námsbrautinni voru kenndar fjórar námsgreinar: Íþróttir, matreiðsla, tónlist og tölvur/spjaldtölvur. Kennt var fjóra daga í viku í tvær kennslustundir í senn. Í þremur námskeiðunum voru tveir þátttakendur saman í kennslustofu með tveimur kennurum (í matreiðslu var annar þeirra stuðningsfulltrúi) en í íþróttum voru allir saman með fjórum kennurum. Í öllu náminu var lögð áhersla á að hafa sjónrænt skipulag. Sent var út myndrænt dagatal fyrir önnina og upplýsingasögur með myndum og skrifuðum texta um hverja námsgrein fyrir sig áður en námið hófst. Upplýsingasögur voru einnig sendar heim jafnóðum ef breyting varð á dagskrá. Hver tími var byggður upp á svipaðan hátt og byrjaði á því að farið var yfir myndræna dagskrá, oftast með því að hver þátttakandi skrifaði inn á dagskrána, með eða án aðstoðar. Eftir hvern dagskrárlíð var strikað yfir. Þannig var allt kapp lagt á að ekkert gerðist óvænt og án undirbúnings. Vinnusvæði í kennslustofum voru ávallt merkt með myndum og tíminn gerður sýnilegur með sundurliðuðum verkefnum, tímalínunum og tímavaka. Á þennan hátt tókst að skapa umhverfi sem veitti þátttakendum öryggi og gaf þeim möguleika á virkri þátttöku.

Í öllum námsgreinum var lögð áhersla á að skrifa til og með þátttakendum. Ljóst var að skrifað mál náði vel til þessa hóps meðal annars vegna þess að þegar skrifað er hægir á talmáli og verða samskipti því frekar á tempói sem einhverft fólk nær að fylgja. Einnig ýtir notkun skrifaðs máls undir möguleika fólks með tjáskiptaerfiðleika til að læra að lesa og skrifa og getur þannig gefið nýja möguleika til tjáningar.

Áhersla var einnig lögð á að samþætta námsgreinarnar fjórar og þar með efla vitund fyrir samhengi. Ýmis atriði voru skipulögð sérstaklega til þess að þátttakendur upplifðu námið sem eina heild. Má þar sérstaklega nefna notkun spjaldtölva í öllum námsgreinum en allir þátttakendur áttu spjaldtölvu. Í spjaldtölvu voru búnar til val- og samskiptatöflur með myndum, texta og hljóði. Slíkar töflur reyndust vel til að aðstoða þátttakendur við að taka þátt í samræðum, velja verkefni og segja álit sitt. Einnig voru teknar myndir í kennslustundum sem nýttust þátttakendum að kennslustund lokinni við að rifja upp og segja frá. Spjaldtölvun varð þannig smám saman að tæki sem myndaði tengsl milli námsgreina og einnig tengsl við heimavettvang og vinnustaði. Það sama gilti um lokaðan Facebookhóp sem var stofnaður til þess að





miðla námsgögnum og myndum úr kennslustundum og auka þannig möguleikana á því að námið nýttist utan Fjölmennar.

### Íþróttir

Aðalmarkmiðið í íþróttum var að vekja áhuga á hreyfingu og hollum lífsháttum. Kennslan fór fram í Íþróttahúsi fatlaðra við Hátún. Tíminn í salnum var 40 mínútur og síðan voru 20 mínútur í slökun eða umræður í fundarherbergi. Á seinni önninni fór íþróttakennslan fram utan dyra í tvö skipti, þar sem þátttakendum voru kynntar æfingar sem hægt er að gera úti. Einnig voru lögð fyrir heimaverkefni þar sem þátttakendur fengu vikudagatal til að skrifa inn á hvaða hreyfingu þeir höfðu stundað þá vikuna.

Þegar þátttakendur mættu í hús var tilbúin myndræn dagskrá með texta sem fylgdi þeim í gegnum tímann og var strikað yfir hvert atriði þegar því var lokið. Tíminn var gerður sýnilegur bæði á tímalínu og tímavaka. Hópurinn byrjaði á sameiginlegri upphitun þar sem hjólað var á þrek hjóli eða gengið á göngubretti í tíu mínútur. Eftir upphitun var farið í stöðvaþjálfun sem fram fór á fjórum til fimm stöðvum. Æfingarnar reyndu meðal annars á jafnvægi, styrk og þol. Á hverri stöð vann einn þátttakandi ásamt aðstoðarmanni. Á stöðvunum voru tímalínur til að sýna hversu oft ætti að endurtaka hverja æfingu. Unnið var í stöðvaþjálfun í um það bil. 15 mínútur og að þeim loknum fór hópurinn í samvinnuverkefni þar sem lögð var áhersla á samvinnu og liðsheild. Farið var til dæmis í boccia og bandý. Þar reyndi á að hver og einn fengi þá aðstoð sem hann þurfti til að geta tekið þátt. Sama gilti þegar leik var lokið og gengið var frá í salnum. Loks var farið í fundarherbergið þar sem þátttakendur áttu sameiginlega stund og tíminn var gerður upp með hjálp samskiptataflna í spjaldtölvu. Slíkar töflur reyndust vel til að aðstoða þátttakendur við að segja álit sitt á æfingunum og hvort þeir hafi stundað einhverjar íþróttir heima fyrir. Á seinni önninni bættist við slökun og núvitund í sameiginlegri stund. Þá var kveikt á róandi tónlist og slökunin leidd áfram af kennara.

### Matreiðsla

Aðalmarkmiðin í matreiðslu voru að taka þátt í að elda mat, styrkja sjálfstæði í vinnubrögðum og stuðla að samvinnu á jafningjagrundvelli. Þátttakendur tóku þátt í öllu sem tengdist borðhaldi, undirbúningi og frágangi. Allt skipulag í tímum var





sjónrænt. Eldhúsinu var skipt í fjögur vinnusvæði sem merkt voru með myndum. Á einu svæði var eldað eða bakað. Á öðru svæði var gengið frá úr uppþvottavél. Á þriðja svæði var lagt á borð og borðað og á því fjórða var tekið af borðinu, sett í uppþvottavél og þurrkað af borðum. Öll áhöld og allt hráefni átti sinn ákveðna stað í eldhúsinu og var staðurinn merktur með myndum. Merkingar voru utan á og ofan í skúffum, í hillum og utan á skápum. Með þessu urðu þátttakendur sjálfstæðari í allri vinnu. Allar uppskriftir voru myndrænar og notuðu þátttakendur mismunandi útgáfur eftir þörfum.

Í hverjum tíma var bakað og eldaður heitur matur sem borðaður var saman í lok tímans. Þátttakendur skiptust á að elda mat og baka. Uppbygging tímans var alltaf eins. Byrjað var á því að setjast við borðið og fara yfir dagskrána. Notuð var myndræn dagskrá með texta og strikuðu þátttakendur yfir þegar hverjum dagskrárlíð lauk. Þátttakendur skrifuðu inn á dagskrána, með eða án aðstoðar, hvað þeir ætluðu að elda eða baka. Á dagskrárblaðinu kom skýrt fram á hvaða vinnusvæði hver dagskrárlíður var unninn. Mismunandi var hvaða verkefni þátttakendur unnu varðandi frágang. Stundum gerðu þeir það saman og var þá unnið að því að efla samvinnu á milli þeirra. Allar uppskriftir voru settar inn á Facebook síðuna þannig að auðvelt var fyrir þátttakendur að prenta þær út eða opna í spjaldtölvu til að nota heima.

## Tónlist

Í tónlistartímum var unnið með tvö aðalmarkmið: að gefa þátttakendum tækifæri til að fræðast um tónlist og að eiga samspil með öðrum í gegnum tónlist. Hver tónlistartími var byggður upp á svipaðan hátt og byrjaði alltaf á því að þátttakendur skrifuðu inn á myndræna dagskrá með eða án aðstoðar. Eftir hvern dagskrárlíð var strikað yfir. Fyrsti líður á dagskrá var ávallt að tala saman um ákveðið efni sem tengdist áhuga eða reynslu hvers um sig af tónlist. Til þess voru notaðar samskiptatöflur í spjaldtölvu sem gerðu hverjum og einum kleift að taka þátt í samræðum. Síðan var sungið saman með gítarundirspili. Löggin voru fyrirfram ákveðin og fjöldi laga sýndur á tímalínu uppi á vegg. Megin dagskrárlíður fyrri hluta tímans var fræðsla með myndum og tónlistarmyndböndum um ákveðna þætti úr íslenskri dægurtónlistarsögu. Á fyrri önninni voru kynnt lög og tónlistarmenn úr sjónvarpsþáttunum „Óskalög þjóðarinnar“ sem vitað var að allir þátttakendur höfðu annað hvort horft á eða kynnst af





geisladisknum með sama nafni. Á seinni önninni voru teknir fyrir tónlistarmenn sem þátttakendur höfðu sýnt sérstakan áhuga.

Eftir fræðsluna var skipt um stofu og unnið með samspil og hljóðfæraleik. Fjöldi laga undir hverjum dagskrárlið var sýndur uppi á vegg. Prófuð voru ýmis smáforrit í spjaldtölvu sem gerði hópnum kleift að búa til tónlist saman á einfaldan en áhrifaríkan hátt þar sem hver og einn lagði eitthvað til. Í upphafi námsins fengu þátttakendur að kynna bassu, gítar, trommusetti og hljómborði. Síðan fór samspil á hljóðfæri þannig fram að þátttakendur völdu sjálfir hljóðfæri til að spila á hverju sinni og fengu til þess aðstoð frá aðstoðarmanni sínum. Æfð voru þekkt dægurlög með einföldum hljómaskiptingum. Þetta reyndi á einbeitingu og samhæfingu bæði þátttakenda og aðstoðarmanna og úr því varð oft skemmtilegt samspil þar sem allir tóku þátt. Í lok hvers tónlistartíma valdi hver og einn lag sem hópurinn söng saman með píanóundirspili. Valtöflur voru búnar til fyrir hvern og einn eftir tónlistaráhuga þeirra og þess vegna vafðist það ekki fyrir þátttakendum að velja lag sem höfðaði til þeirra.

## Tölvur

Í tölvutímum var aðaláherslan á að tengja verkefni við þau markmið sem snúa að sjálfsmýnd og valdeflingu þátttakenda. Eins og í öðrum námsgreinum innan brautarinnar var myndræn dagskrá með texta notuð þar sem þátttakendur strikuðu yfir hvern dagskrárlið þegar honum lauk. Í upphafi tímans var sérstakur liður sem nýttur var í almennar umræður þar sem þátttakendum gafst kostur á að segja frá og tjá skoðanir sínar. Að því loknu kynntu þátttakendur að öllu jöfnu sögur í máli og myndum uppi við töflu með aðstoð kennara. Fyrirfram undirbúin verkefni unnu þátttakendur hvor fyrir sig og ef tími gafst til völdu þátttakendur verkefni í lok tímans. Á síðari hluta annarinnar var aukin áhersla á val á verkefnum. Fljótlega eftir að námið hófst þurfti að hliðra til við uppbyggingu tímans fyrir einn þátttakanda og var það gert með því að bæta við annarri kennslustofu þar sem hluti af kennslu hans fór fram og var kennslustundin jafnframt stytta. Með því náði viðkomandi að njóta sín betur.

**Verkefni:** Verkefni tölvutímans fólust í að læra á forrit í spjaldtölvu, kynna samfélagssíðunni Facebook, nota leitarvélina Google og tónlistarforritið Youtube.





Þau voru unnin á mismunandi svæðum inni í kennslustofunni sem merkt voru hvert fyrir sig.

**Að segja frá:** Frásagnir uppi við töflu af eigin lífi má segja að hafi vegið þyngst af þeim verkefnum sem unnin voru. Þátttakendur notuðu forritið Story creator til þess að búa til sögu í máli og myndum. Í framhaldi kynntu þátttakendur sögu sína uppi við töflu fyrir þá sem voru inni í tímanum með aðstoð kennara. Sem dæmi tóku þátttakendur myndir heima fyrir sem tengdust áhugamáli þeirra og félagsstörfum til að nota í kynningarnar. Einnig notuðu þeir myndir úr öðrum námsgreinum á brautinni. Verkefnin voru fyrirfram uppsett á blaði og hlutverk þátttakandans var að setja verkefnið upp í spjaldtölvu. Þátttakendur skrifuðu textann sjálfir með eða án aðstoðar kennara eða aðstoðarmanns. Undir lok annar voru allir þátttakendur farnir að semja texta sjálfir undir hverja mynd.

**Valtöflur:** Valtöflur í forritinu Soundingboard voru notaðar til þess að gefa þátttakendum tækifæri á því að tjá skoðanir sínar sem tengdust náminu og einnig daglegu lífi þeirra. Í dagskrárliðnum þar sem hópurinn talaði saman var notast við slíkar töflur. Val á umræðu hvers tíma var ákveðið af kennara og þess vel gætt að hver og einn fengi tækifæri til þess að tjá sig.

**Facebook:** Verkefni í tengslum við Facebook fólust í að setja myndir á síðu brautarinnar, skoða myndir og skrifa skilaboð. Með því kynntust þátttakendur hvernig Facebook getur nýst til félagslegra samskipta. Sem dæmi má nefna að þannig sáu þeir að aðrir, vinir og vandamenn, gátu fylgst með því sem þeir voru að fást við í náminu hverju sinni. Það að sjá sjálfan sig á myndum var greinilega mjög eflandi og jók sjálfsvitund þátttakenda. Jafnframt var það valdeflandi að sjá viðbrögð frá vinum sem ýmist köstuðu kveðju eða hrósuðu.

### Sameiginlegur tími og lokaverkefni

Á seinni önninni var skipulagður sameiginlegur tími á tveggja vikna fresti þar sem unnið var með flest öll meginmarkmið námsbrautarinnar. Þá hittist allur hópurinn í lok kennslustundar og farið var eftir sameiginlegri dagskrá sem hver og einn hafði hjá sér. Í hverjum tíma hélt einn þátttakandi kynningu og haldin var myndræn fræðsla um mismunandi skynjun fólks utan og innan einhverfurófs. Í fræðslunni fengu þátttakendur aðstoð eftir þörfum við að skrifa niður lykilorð og tengja við eigin reynslu. Í lokin var boðið upp á hressingu sem þátttakendur höfðu útbúið í matreiðslu. Nær allir þátttakendur höfðu ánægju af þessum stundum og urðu með







tímanum öruggari í að taka þátt í samvinnunni. Einn í hópnum átti þó erfitt með sameiginlegu tímana vegna áreitanna sem fylgdu því að allir voru saman komnir, þátttakendur, aðstoðarmenn og kennarar. Skipti þó sköpum fyrir hann og aðra góður undirbúningur og sjónræn dagskrá.

Til þess að gefa þátttakendum meiri hlutdeild í námi sínu var unnið lokaverkefni í lok seinni annar sem þeir völdu sjálfir. Verkefnin voru hönnuð með samþættingu námsgreina í huga og einnig með áherslu á yfirfærslugildi, annaðhvort í tengslum við heimavettvang eða vinnustað þátttakenda. Tölvutímarnir nýttust mjög vel við gerð þessara verkefna þar sem þau voru gerð ýmist í forritinu Story creator, sett upp í valttöflur í Soundingboard eða vefsíðan Youtube notuð til þess að búa til lagalista. Þátttakendur kynntu síðan verkefnin sín með kennara ýmist heima eða á vinnustað. Kynningarnar voru nákvæmlega skipulagðar og undirbúnar því nú reyndi á að geta nýtt skipulag námsins í nýjum aðstæðum utan veggja Fjölmenntar. Kynningarnar tókust mjög vel og er óhætt að segja að bæði þátttakendur og kennarar hafi haft gagn af því að fara í gegnum þetta ferli frá vali á lokaverkefni og til kynningar á afrakstrinum.

### **Námsmat, árangur og útskrift**

Mat á námi þátttakenda var unnið sem sjálfsmat og einnig í samstarfi við tengla. Í lok hvorrar annar var lagt fyrir sjálfsmat í nokkrum kennslustundum í röð. Notast var við aðferðina „Talking mats” (lesa má nánar um aðferðina á eftirfarandi vefsíðu:

[http://www.kc-hil.dk/metoder-og-varktøjer-til-kommunikation/med-og-](http://www.kc-hil.dk/metoder-og-varktøjer-til-kommunikation/med-og-selvbestemmelse.html)

[selvbestemmelse.html](http://www.kc-hil.dk/metoder-og-varktøjer-til-kommunikation/med-og-selvbestemmelse.html)) sem notuð er til að auðvelda þátttöku fólks með

tjáskiptaerfiðleika í samtölum um eigið líf. Aðferðin byggir á því að þátttakandi raðar myndum af mismunandi athöfnum á mottu eftir því hvað honum finnst skemmtilegt eða leiðinlegt eða hvað honum þykir auðvelt eða erfitt. Vel gekk að leggja námsmatið fyrir á þennan hátt. Það er þó mat kennaranna að nauðsynlegt sé að æfa þessa aðferð áður en matið fer fram til þess að þátttakendur geti að fullu gefið til kynna sína skoðun. Mat á náminu var einnig unnið í samstarfi við tengla þátttakenda. Tveir samstarfsfundir voru haldnir með tenglum og forstöðumönnum þjónustukjarnanna á tímabilinu. Þar að auki voru sendar út tvær rafrænar spurningakannanir um miðbik hvorrar annar fyrir sig. Í þeim var spurt um mat tengla á því hversu vel einstök





markmið hefðu náðst og hversu vel námið hefði nýst á heimavettvangi. Svör tenglanna reyndust gagnleg við námsmat og áframhaldandi þróun námsbrautarinnar. Að mati þeirra sem komu að námsbrautinni var greinanlegur árangur hvað varðaði færni þátttakenda í að velja, tjá skoðanir sínar og segja sögur úr lífi sínu með aðstoð spjaldtölvunnar. Einnig hefur orðið ákveðin yfirfærsla á náminu á daglega lífið heima en það er einmitt eitt helsta áhersluatriðið í öllu starfi Fjölmenntar.

Útskriftin var haldin hátíðleg á lokadegi námsbrautarinnar og þangað buðu þátttakendur fjölskyldumeðlimum og tenglum. Forstöðumaður Fjölmenntar hélt ræðu og afhenti viðurkenningarskjöl og rósir. Myndir úr náminu voru sýndar. Í lokin voru veitingar sem þátttakendur höfðu útbúið í matreiðslunni.

### Lokaorð

Þetta verkefni hefur verið ákaflega lærdómsríkt og ánægjulegt fyrir okkur sem að því stóðum. Sérstaklega var dýrmætt að fá svo gott tækifæri til að kynnst hverjum þátttakanda og geta þannig útfært námið og allar aðstæður út frá þörfum og óskum hvers og eins. Einnig var ánægjulegt að sjá hvað þátttakendur nutu sín yfirleitt vel í náminu, voru öruggir og gátu tekið mikinn þátt með því nákvæma skipulagi sem upp var sett. Það var líka gleðilegt að sjá hvernig það varð auðveldara fyrir þátttakendur að velja og tjá skoðanir sínar með aðstoð spjaldtölvunnar þegar á leið auk þess sem ákveðin yfirfærsla hefur orðið á náminu á heimavettvang. Við erum sannfærðar um að námsbraut sem þessi er afar mikilvæg fyrir einhverft fólk sem oft hefur litla möguleika á þátttöku annars staðar. Það er von okkar að það námsefni sem þróað hefur verið með þessari námsbraut verði öðrum til gagns.

### Heimildir:

Jarprúður Þórhallsdóttir (2013). *Önnur skynjun – ólík veröld: Lífsreynsla fólks á einhverfurófi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með áorðnum breytingum. Sótt af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1992059.html>





Líf mitt með öðrum

Sameinuðu þjóðirnar (2007). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/utgefing-efni/utgafa/nr/3496>

TEACCH (e.d). TEACCH autism program. Sótt af: <http://www.teacch.com>

Tøssebro, J. (2004). Understanding disability; Introduction to the special issue of SJDR. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 6, 3-7.

**Höfundar:**

Áslaug Rut Kristinsdóttir

Guðrún Erla Þorvarðardóttir

Helle Kristensen

Hrefna S. Sigurnýasdóttir

Jarprúður Þórhallsdóttir

